



Reglur um stuðning til fjarnáms í menntvísindum

1. gr. Gildisvið

Starfandi leiðbeinendur við leik- og grunnskóla Norðurlands sem hyggjast stunda fjarnám í menntavísindum til diplómaprófs, B.Ed prófs, M.Ed prófs eða til kennsluréttinda við Háskóla Íslands eða Háskólann á Akureyri geta sótt um stuðning til sveitarsjóðs vegna námsins.

2. gr. Styrkhæft nám

Leikskólakennaranáms (Diploma, B.Ed.og M.Ed)
Grunnskólakennaranáms (B.Ed. og M.Ed)
Náms í kennslufræðum til kennsluréttinda.

3. gr Takmarkanir

Að hámarki geta tíu fjarnemar við skólastofnanir sveitarfélagsins notið stuðnings vegna fjarnáms á hverjum tíma. Fjöldi fjarnema í hverri skólastofnun fyrir sig er þó háður mati skólastjóra á aðstæðum stofnunarinnar á hverjum tíma og þeim heimildum sem fjárhagsáætlun veitir. Fjölskylduráð getur veitt sérstakar undanþágur frá þessu ákvæði ef hún telur brýna nauðsyn til, t.d. við þær aðstæður að mjög lágt hlutfall fagmenntaðs starfsfólks starfi við skólastofnanirnar.

4. gr. Stuðningur

Stuðningur við fjarnema er í formi þess að viðkomandi á rétt á að sækja námslotur — allt að 3 vikur á önn í B.Ed. námi, og allt að 2 vikur í diplomanámi og námi til kennsluréttinda – og halda á sama tíma föstum launum sínum. Stuðningur miðast við hverja önn fyrir sig og skal starfsmaður skila staðfestingu skóla á fullnægjandi námsárangri á önn til að eiga aðgang að stuðningi fyrir næstu önn. Auk þess eiga fjarnemar rétt á að sækja starfsnám á vegum háskólanna í öðrum skólum og þiggja laun á meðan svo fremi að þeir þiggi ekki sérstök laun eða styrki vegna starfsnámsins.

5. gr. Stuðningstímabil

Stuðningstímabil getur verið allt að 4 ár (8 annir) – eða í samræmi við skipulagningu náms – enda sé þá um að ræða 180 eininga háskólanám (B.Ed.). Í mastersnámi eða námi til kennsluréttinda getur stuðningstímabil verið allt að 2 ½ ár (5 annir) og í námi til diplómaprófs getur styrktímabil verið allt að 1 ½ ár (3 annir) – eða í samræmi við skipulagningu náms.

6. gr. Framkvæmd

Fjarnemi skal í upphafi annar skila stundaskrá annarinnar til skólastjóra. Viðkomandi skólastofnun Norðurlands skal skipuleggja vinnu starfsmanns þannig að hann geti sótt staðbundnar lotur námsins og þjálfun í vinnutíma sínum enda annist hann allan undirbúning kennslu og aðstoði forfallakennara eftir þörfum áður en til fjarveru vegna námsins kemur.

7. gr. Skilyrði

Stuðningur er bundinn því skilyrði að námið nýtist í þeirri skólastofnun þar sem viðkomandi starfar og að hann haldi að minnsta kosti 50% starfi yfir námstímann og eigi lögheimili sitt í sveitarfélaginu. Stuðningur er bundinn því skilyrði að viðkomandi hafi starfað í viðkomandi stofnun í minnst 12 mánuði. Undantekningar frá þessu ákvæði getur skólanefnd veitt ef sérstaklega stendur á. Sá sem stuðnings nýtur skal skuldbinda sig til að starfa hjá sveitarfélaginu í ½ ár að námi loknu fyrir hverja námsönn sem viðkomandi nýtur stuðnings. Skuldbinding þessi skal þó að hámarki vera tvö ár.

8. gr.
Umsóknarferli

Umsóknir um stuðning þurfa að berast forstöðumanni viðkomandi skólafnunar fyrir 1. júní ár hvert sem leggur þær fyrir fjölskylduráð með umsögn. Umsóknir eru staðfestar með undirritun samnings viðkomandi skólafnunar og fjarnema.

9. gr.
Gildistími

Reglur þessar taka gildi frá og með samþykkt sveitarstjórnar þann xx.des. 2019 og skulu endurskoðaðar árlega af fjölskylduráði.

